

## HELSTU EFNISATRÍÐI

### úrskurðir óbyggðanefndar í fimm málum á austanverðu Norðurlandi

#### 1. Óbyggðanefnd skipa (þrír nefndarmenn í hverju máli):

Karl Axelsson hrl. formaður í málum nr. 2-5/2007

Kristján Torfason formaður í máli nr. 1/2007

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari

Benedikt Bogason dómstjóri

Sif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri

Hulda Árnadóttir hdl.

#### 2. Niðurstöður í örstuttu máli (í öllum fimm málum sameiginlega)

Alls var deilt um 119 landsvæði á svæði 6. Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að 13 þeirra eru þjóðlendur að öllu leyti<sup>1</sup>, þrjú þjóðlendar að hluta og eignarlönd að hluta<sup>2</sup> og 103 eignarlönd að öllu leyti.

#### Mál nr. 1/2007, Mývatnsöræfi og Ódáðahraun

Í málinu komu 11 landsvæði til úrskurðar. Fimm þeirra eru þjóðlendar samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, eitt er þjóðlenda að hluta og eignarland að hluta og fimm eru eignarlönd að öllu leyti.

- Þjóðlendukröfur fjármálaráðherra á sunnanverðu svæðinu teknar til greina og eignarlandskröfum hafnað að sama skapi:
  - Landsvæði í Ódáðahrauni sem liggur sunnan Bræðraklifs í Hafragjá og norðan Dyngjujökuls, innan kröfusvæðis eigenda Reykjahlíðar, auk Ódáðahrauns vestan Öskju og á Trölladyngjusvæðinu, innan kröfusvæðis Skútustaðahrepps, er þjóðlenda.
  - Krepputunga er þjóðlenda.
  - Landsvæðin Framdalaafréttur og Selland og afréttarland Skútustaða úrskurðuð þjóðlenda og afréttur. Einnig Grafarlönd austari og Herðubreiðarlindir.
  - Sá hluti Vatnajökuls sem til umfjöllunar var í málinu úrskurðaður þjóðlenda.
- Þjóðlendukröfum til hluta Grænavatns, Voga og Grímsstaða hafnað og einnig þjóðlendukröfum til þess hluta kröfusvæðis eigenda Reykjahlíðar sem liggur norðan Bræðraklifs í Hafragjá.

---

<sup>1</sup> Krepputunga í máli nr. 1/2007, Framdalaafréttur í máli nr. 1/2007, Selland og afréttarland Skútustaða í máli nr. 1/2007, Ódáðahraun vestan Öskju í máli nr. 1/2007, sá hluti Vatnajökuls sem fjallað var um í máli nr. 1/2007, Afréttarland í Þingeyjarsveit í máli nr. 3/2007, sá hluti Vatnajökuls sem fjallað var um í máli nr. 3/2007, Hálsmannatungur í máli nr. 4/2007, Draflastaðakirkjuland í máli nr. 4/2007, Tjarnarhverfi í máli nr. 4/2007, Finnstaðadalur í máli nr. 4/2007, Almennigar í máli nr. 5/2007 og land milli Höfðagilja í máli nr. 5/2007.

<sup>2</sup> Kröfusvæði Reykjahlíðar í máli nr. 1/2007, Íshóls í máli nr. 3/2007 og Bleiksmýrardals í máli nr. 3/2007.

### **Mál nr. 2/2007, Tjörnes og Þeistareykir**

Í málinu voru 13 landsvæði til úrskurðar óbyggðanefndar. Niðurstaða nefndarinnar er sú að þau eru öll eignarlönd.

- Öllum þjóðlendukröfum fjármálaráðherra hafnað. Niðurstaða óbyggðanefndar felur í sér að:
  - Þeistareykir eru eignarland.
  - Ásheiði er eignarland.
  - Jarðir vestan Lambafjalla, þ.e. Geitafell, Langavatn, Klambrasel, Brekknakot, Reykjatorfa, Þverá og Skógar ná að landi Þeistareykja sem liggja austan fjallanna.
  - Grísatungufjöll og Grasafjöll á Tjörnesi eru eignarlönd.

### **Mál nr. 3/2007, Þingeyjarsveit vestan Skjálfandaflljóts og sunnan Ljósavatnsskarðs**

Í málinu komu 24 landsvæði til úrskurðar. Tvö þeirra eru þjóðlendir samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, tvö eru þjóðlenda að hluta og eignarland að hluta og 20 eru eignarlönd að öllu leyti.

- Þjóðlendukröfur fjármálaráðherra á sunnanverðu svæðinu teknar til greina:
  - Afréttarland í Þingeyjarsveit er þjóðlenda allt suður að Vatnajökli. Sama landsvæði er afréttur að undanskildum Tungnafellsjökli.
  - Kröfusvæði vegna Íshóls að hluta til þjóðlenda.
  - Kröfusvæði vegna Bleiksmýrardals er að hluta til þjóðlenda.
  - Sá hluti Vatnajökuls sem til umfjöllunar var í málinu er þjóðlenda.
- Þjóðlendukröfum fjármálaráðherra að öðru leyti hafnað, þ.e. á norðanverðu svæðinu:
  - Þannig fallist á að allt kröfusvæði Birningsstaða, Kambsstaða, Stóru-Tjarna, Arnstapa, Vatnsenda, Ljósavatns, Öxarár, Eyjadalsár, Sandhauga, Hlíðskóga, Stóruvalla, Litluvalla, Halldórsstaða, Mýrar, Sörlastaða, Bakka, Bakkasels og Belgsár séu eignarlönd.
  - Kröfusvæði Mjóadals er eignarland.
  - Kröfusvæði Hjaltadals og Kambfellskjálka eru eignarlönd.
  - Kröfusvæði Íshóls er að hluta til eignarland.
  - Kröfusvæði Bleiksmýrardals er að hluta til eignarland.

### **Mál nr. 4/2007, Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flateyjardalsheiði austan Dalsár**

Í málinu komu 38 landsvæði til úrskurðar. Fjögur þeirra eru þjóðlendir samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar og 34 eru eignarlönd.

- Þjóðlendukröfur fjármálaráðherra í málinu teknar til greina að litlum hluta:
  - Hálsmannatungur, Tjarnahverfi á Gönguskarði, Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði og Finnsstaðadalur úrskurðuð þjóðlenda og afréttur.
- Þjóðlendukröfum fjármálaráðherra hafnað að öðru leyti:
  - Þannig fallist á að kröfusvæði Knarrareyrar, Grímslands, Kambsmýra, Kotamýra, Naustavíkur, Vargsness, Austari-Króka, Garðs, Syðri- og Ytri-Hóls, Veisu, Veisusels, Hallgilsstaða, Sólvangs, Fornhóla, Sigríðarstaða, Birkihlíðar, Landamótsfels ásamt Borgartúni, Landamóts, Halldórsstaða, Finnsstaða ásamt Hjaltastöðum, Árlands, Fellssels ásamt Selfelli, Ystafells, Hlíðar, Gvendarstaða, Hrafnstaða, Háls, Torfuness, Ófeigsstaða ásamt Rangá, Þóroddsstaðar, Ytri Leikskálaár, Granastaða 1 og 2 auk

Árteigs og Ártúns, Nípár og Bjarga séu eignarlönd. Jarðirnar ná almennt saman á fjöllum.

### **Mál nr. 5/2007, Grýtubakkahreppur ásamt Flateyjardalsheiði vestan Dalsár**

Í málinu komu 33 landsvæði til úrskurðar. Tvö þeirra eru þjóðlendur samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar og 31 er eignarland.

- Þjóðlendukröfur fjármálaráðherra í málinu teknar til greina að litlum hluta:
  - Landsvæðin Almanningur og Höfðagil úrskurðuð þjóðlenda og afréttur.
- Þjóðlendukröfum fjármálaráðherra hafnað að öðru leyti:
  - Öllum þjóðlendukröfum í Grýtubakkahreppi hafnað. Niðurstaðan sú að jarðirnar ná saman á fjöllum.
  - Fallist á að kröfusvæði Brettingsstaða, Eyvindarár og Heiðarhúsa, séu eignarlönd.

### **3. Birting úrskurða og korta á heimasíðu**

Úrskurðir óbyggðanefndar, ásamt skýringarkorti, eru birtir á heimasíðu óbyggðanefndar (obyggðanefnd.is), strax að lokinni uppkvaðningu úrskurða.

### **4. Framhald mála á austanverðu Norðurlandi (svæði 6)**

Sá sem ekki vill una úrskurði óbyggðanefndar skal höfða einkamál innan sex mánaða frá útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs sem útdráttur úr úrskurði er birtur í. Er þá unnt að leggja til úrlausnar dómstóla hverja þá kröfu sem gerð hefur verið fyrir nefndinni.

### **5. Næstu mál hjá óbyggðanefnd**

Óbyggðanefnd hefur nú til meðferðar mál er varða landsvæði á vestanverðu Norðurlandi — syðri hluta (svæði 7A). Aðalmeðferð málanna fer fram í haust.

### **6. Örstutt um málsmeðferð hjá óbyggðanefnd**

Málsmeðferð hefst með því að fjármálaráðherra er tilkynnt að óbyggðanefnd hafi ákveðið að taka tiltekið landsvæði til meðferðar og honum veittur frestur til að lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendur á svæðinu. Þegar kröfur fjármálaráðherra liggja fyrir gefur óbyggðanefnd út tilkynningu og skorar á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til, að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni innan tiltekins frests. Að lokinni opinberri kynningu á öllum þeim kröfum sem borist hafa á viðkomandi svæði er svæðinu skipt í mál og boðað til fyrstu fyrirtöku. Málið er síðan tekið fyrir eins oft og þörf er á, frekari gögn lögð fram og leitast við að skýra það að öðru leyti. Loks fer fram aðalmeðferð. Fyrirkomulag aðalmeðferðar hjá óbyggðanefnd er almennt með þeim hætti að farið á vettvang undir leiðsögn heimamanna. Að vettvangsferð lokinni eru teknar skýrslur af aðilum og vitnum og loks er málið flutt munnlega. Að lokinni aðalmeðferð er málið tekið til úrskurðar og úrskurður kveðinn upp þegar óbyggðanefnd hefur lokið rannsókn á fyrirliggjandi gögnum.